# Fimmtudagur 19. janúar

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða** (30). Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri.
18.25 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Í skugga fjallsins helga.** (In the Shadow of Fujisan). **Þriðji þáttur – Skjaldbakan lengi lifi.** Breskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum um náttúru- og dýralíf í Japan.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Í pokahorninu. – Fjögur íslensk ástarljóð.** Egill Ólafsson, Ragnhildur Gísladóttir, Halla Margrét Árnadóttir og Sverrir Guðjónsson flytja 4 ástarljóð eftir Stein Steinarr, Jón Helgason, Jónas Guðlaugsson og Vilhjálm frá Skáholti. Lögin eru eftir Ríkarð Örn Pálsson.
20.50 **Quisling málið. Þriðji þáttur – Valdaránið.** Leikin heimildamynd um Vidkun Quisling sem var foringi nasistastjórnarinnar í Noregi.
21.35 **Íþróttir.** Umsjón Ingólfur Hannesson.
21.50 **Lestarránið** (Panic on the 5:22). Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1974. Leikstjóri Harvey Hart. Aðalhlutverk Lynda Day George, Andrew Duggan, Laurence Luckinbill og Ina Balin.
23.00 **Seinni fréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Ungir Sæfarar**Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna.
18.15 **Selurinn Snorri**Teiknimynd með íslensku tali.
18.30 **Gagn og gaman.** Fræðandi teiknimyndaflokkur þar sem tæknivæðing mannsins er útskýrð á einfaldan og skemmtilegan máta.
18.40 **Handbolti**Umsjón: Heimir Karlsson.
19.19 **19.19**Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.**Enginn leysir morðmál eins og Jessica.
21.15 **Forskot á Pepsí popp.**Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.25 **Þrieykið**Breskur gamanmyndaflokkur í sjö hlutum um lækna sem gera hvert axarskaftið á fætur öðru 2. hluti.
21.50 **Sporfari.** Blade Runner. Vísindaskáldsaga sem gerist árið 2019 Aðalhlutverk: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young, Edvard James Olmos, Daryl Hannah. Leikstjóri: Ridley Scott. Alls ekki við hæfi barna.
23.45 **Harðjaxlarnir** The Last Hard Men. Aðalhlutverk: Charlton Heston, James Coburn og Barbara Hershey. Alls ekki við hæfi barna.
01.20 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.**
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.**
8.30 **Pond Puppies.** Teiknimynd.
9.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
10.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
11.00 **Poppþáttur.**
11.40 **Ungt fólk í Evrópu.**
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Spyrjið dr. Ruth.**
13.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **Star Come.**
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Gidget.** Gamanþáttur.
17.30 **Mig dreymir um Jeannie.** Gamanþáttur.
18.00 **Family Affair.**
18.30 **Neyðartilfelli.** Sakamálaþáttur.
19.30 **Adam At 6 A.M.**Kvikmynd frá 1970.
21.15 **Skíði.**Nýjustu fréttir af skíðamótum í Evrópu.
22.15 **Rall** París til Dakar.
22.15 **Fjölbragðaglíma.**

23.15 **Popp.** Kanadískur þáttur.
24.00 **Klassísk tónlist.** Isaac Stern leikur .
2.00 **Klassísk tónlist.**
02.45 **Not Just A Second Fiddle.**
2.50 **Tónlist og landslag.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.** Andrés Indriðason les sögu sína „Lyklabarn". (7.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Í garðinum með Hafsteini Hafliðasyni.**
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson á Akureyri.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.**
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson.
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Nornir. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan: „Æfingatími"** eftir Edvard Hoem.
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Fimmtudagssyrpa** Magnúsar Einarssonar.
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit: „Aukaleikarinn"** eftir Andreas Anden. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Það kviknaði á perunni. Þáttur um Edison og ljósaperuna. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Grieg og Brahms.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. Tónlist . Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
19.55 **Daglegt mál.**
20.00 **Litli barnatíminn.**
20.15 **Úr tónkverinu** – Kvartett, kvintett, oktett. Þýddir og endursagðir þættir frá þýska útvarpinu í Köln.
20.30 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói** – Fyrri hluti. Stjórnandi: Frank Shipway.
a. Impromptu eftir Áskel Másson.
b. Sinfónía nr. 5 eftir Franz Schubert. Kynnir: Jón Múli Árnason.
21.30 **„Löngun særir hjarta"**, dagskrá um Gabrielu Mistral.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **„Ferðaleikur"**, smásaga eftir Milan Kundera. Andrés Sigurvinsson les þýðingu Friðriks Rafnssonar.
23.10 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói** – Síðari hluti. Einleikari: Ralph Kirshbaum. Sellókonsert í h-moll Op. 104 eftir Antonin Dvorak.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.**
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 91,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Viðbit.** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
10.05 **Morgunsyrpa.** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls.
14.00 **Á milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Landsmenn láta gamminn geisa um það sem þeim blöskrar í Meinhorninu kl. 17.30. Klukkan 18.03 verður kafað í þjóðarsálina.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis: „Kista Drakúla" eftir Dennis Jörgensen í útvarpsleikgerð Vernharðs Linnets. Þriðji þáttur. (Áður flutt í Barnaútvarpinu.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum ensku. Enskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Sjötti þáttur endurtekinn frá liðnu hausti.
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Tónlist sem gott er að vakna við, litið í blöðin og sagt frá veðri og færð. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.00
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð Bylgjutónlist hjá Valdísi. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Brávallagötuhyskið kemur milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð stemmning með góðri tónlist. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Dóri milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur og Bylgjuhlustendur tala saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.**
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson. Tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
20.00 **Brimkló saman á ný.** Ásgeir Tómasson rekur feril þessarar geysivinsælu hljómsveitar, ræðir við meðlimi hennar og leikur nokkur af fjölmörgum topplögum. Þessi þáttur er fluttur í tilefni af því að Brimkló kemur nú saman á nýjan leik og verður í Broadway næstu mánuði.
22.00 **Í seinna lagi.** Tónlistarkokkteill sem endist inn í draumalandið.
1.00 **Næturstjörnur.** Fyrir vaktavinnufólk, leigubílstjóra, bakara og nátthrafna.

## Hljóðbylgjan Reykjavík FM 95,7

8.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** og morguntónarnir. Hafdís spilar bestu morguntónlist sem völ er á og síminn er opinn, 625511.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Snorri Sturluson** og lögin sem eiga við alla, alls staðar. Síminn er 625511.
17.00 **Linda Mjöll Gunnarsdóttir** og tónaflóð.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Marinó V. Marinósson.** Kvöld með þessum manni er ógleymanlegt.
22.00 **Ásgeir Páll Ágústsson**, hinn ágæti. Ásgeir Páll spilar hressilega tónlist að kvöldi fimmtudags og setur fólk í réttar stellingar fyrir daginn sem framundan er, föstudag.
1.00 **Dagskrárlok.**

## ÚTRÁS

16.00 **IR.**
18.00 **MS.**
20.00 **FÁ.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði Lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
17.00 **Á góðri stund með Siggu Lund.** Umsjón: Sigríður Lund Hermannsdóttir.
18.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
20.00 **Ábending. Hafsteinn Guðmundsson leikur blandaða tónlist.**
**21.00Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
22.00 **Miracle.**
22.15 **Ábending,** frh.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106·8

13.00 **Framhaldssagan.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Laust.**
15.30 **Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Tónlist.**
**18.00 Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **OPIÐ.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Framhaldssagan.** E.
22.00 **Opið hús í beinni útsendingu á kaffistofu Rótar og boðið upp á kaffiveitingar og skemmtidagskrá.**
**23.30 Rótardraugar.**
24.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Sveins Ólafssonar, Gunnars L. Hjálmarssonar og Birgis Baldurssonar. E.
2.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Hljóðbylgjan Akureyri FM 101,8

7.00 **Kjartan Pálmarsson** leikur tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og lítur í dagblöðin.
9.00 **Rannveig Karlsdóttir** með góða tónlist og kemur öllum í gott skap.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** á dagvaktinni leikur blandaða tónlist við vinnuna. Tónlistarmaður dagsins tekinn fyrir.
17.00 **Kjartan Pálmarsson** leikur létta tónlist. Tími tækifæranna er kl. 17.30–17.45, sími 27711.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
**20.00 Pétur Guðjónsson** gerir tónlist sinni góð skil.
22.00 **Þráinn Brjánsson** leikur rólega tónlist fyrir svefninn.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund

19.00 **Aflraunir.** Íþróttir með nýju sniði. Arnar Kristinsson spáir í spilið.
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Tónlistarskólanum. Klassísk tónlist.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í leiðara og góðar fregnir. Fólk kemur í spjall.
21.30 **Listaumfjöllun.** Gagnrýni á kvikmyndir, leikrit, myndlist og tónlist.
22.00 **Táp og fjör.** Kristján Ingimarsson fjallar vítt og breitt um tónlist.
24.00 **Dagskrárlok.**



**Í Lestarráninu birtast þrír ræningjar skyndilega í einkavagni efnaða fólksins.**

### Sjónvarp kl. 21.50:

# Lestarránið

Í þessari bandarísku sjónvarpsmynd ráðast þrír grímuklæddir glæpamenn inn í einkavagn í lest. Farþegar í vagninum eru vel efnaðir og ræningjarnir hugsa sér gott til glóðarinnar. Farþegarnir eiga hver sitt leyndarmál um eigin hagi þangað til vagninn er tekinn af ræningjunum. Allir reyna að þóknast þremenningunum þangað til forsprakkinn Frankie hótar að drepa alla. Þegar farþegarnir virðast ekki eiga mikla möguleika á að sleppa lifandi tekur einn af þeim til sinna ráða. Í myndinni fara fram mikil átök á milli ræningjanna og fórnarlamba þeirra. Með aðalhlutverk fara Lynda Day George, Laurence Luckinbill, Robert Walder og Dana Elcar. -ÓTT



**Í Sporfara (Blade Runner) er árið um 2020 og fólk er sent á aðrar plánetur vegna offjölgunar á jörðinni.**

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Sporfari

### – vísindaskáldsaga með Harrison Ford

Í þessari mynd leikur Harrison Ford fyrrverandi lögreglumann. Sögusviðið er í kringum árið 2020 í stórri bandarískri borg. Jörðin er töluvert frábrugðin því sem nú er. Á síðustu árum reyndist nauðsynlegt að senda milljónir manna á aðrar plánetur vegna offjölgunar. Fólkið sem eftir er býr í stórum borgum með allt að 400 hæða háum húsum.

Nokkur vélmenni, sem talin eru afburðagreind, hafa yfirtekið geimfar og eru á leið til jarðar. Áður en vélmennin ná að gera usla í mannlegum byggðum er Rick Deckard ráðinn til þess að finna vélmennin sem drápu áhöfn geimfarsins.

Kvikmyndahandbók Leonards Maltins segir þessa mynd vel gerða, hins vegar dragi handritið verulega úr gæðum hennar. Myndin fær aðeins hálfa stjörnu. -ÓTT

### Rás 2 kl. 20.30:

# Útvarp unga fólksins

### – Drakúla á Mallorca

Í kvöld verður flutt í Útvarpi unga fólksins þriðji þáttur gamanleikritsins Kista Drakúla sem er eftir Dennis Jurgensen.

Nú er Drakúla kominn með magasár vegna allra þeirra eiturefna sem grasséra í blóði nútímamannsins. Verra er að trjámaurar hafa komist í kistuna hans og eyðilagt hana. Vinir hans, Eddi varúlfur, ófreskjan Boris, sir Arthur, drekinn Logi og drengurinn Freddi, hjálpa svo „greifanum" að leita að efniviði í nýja kistu og síðan liggur leiðin til Mallorca. -ÓTT



**Drakúla er aðframkominn af öllum eiturefnunum sem grasséra í blóði nútímamannsins.**